***Samtök fiskvinnslu án útgerðar***
**Kt.660494-2519, Hafnargötu 27, 200 Kópavogi**
**Sími 8963324 póstfang: isfiskur@simnet.is**

*Alþingi*
*Erindi nr.* Þ 135/252
*komudagur* 20.11.2007

**Til Sjávarútvegs og landbúnaðarnefndar Alþingis**

**Umsögn um tillögu um aukinn þorskafla**

Stjórn Samtaka fiskvinnslu án útgerðar hefur fengið til umsagnar frá háttvirtri Sjávarútvegs og landbúnaðarnefnd tillögu til þingsályktunar um aukinn þorskafla á fiskveiðiárinu 2007 og 2008. Merkt sem Þskj.5- 5. mál

*Umsögn:*

Samtök fiskvinnslu án útgerðar styður tillöguna og tekur að fullu undir þann rökstuðning sem fylgir í greinargerð með henni.
Það er að mati SFÁU grafalvarlegt að taka ákvörðun um þann gríðarlega niðurskurð í þorskafla, sem ákveðin var, með svo ótraustri vitneskju sem Hafrannsóknarstofnun bersýnilega hefur um ástand þorskstofnsins við landið.
Þessi stórfelldi niðurskurður veldur miklum skaða og kann að valda því að markaðir og verðmæt viðskiptasambönd erlendis tapist varanlega.
Ofangreind afstaða er því tekin vegna þess að allt bendir til þess að Hafrannsóknarst. vanmeti þorskstofninn og einnig í ljósi þeirra alvarlegu afleiðinga, sem þessi niðurskurður mun valda, gangi sú ákvörðun óbreytt eftir.

Reykjavík 14. nóvember 2007
Virðingafyllst
Stjórn SFÁU